

Sp.

109. Tillaga til þingsályktunar

[69. mál]

um fiskeldisstöðvar.

Flm.: Björn Jónsson, Jónas G. Rafnar, Jónas Pétursson, Jón Ármann Héðinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hið fyrsta fram fara athugun sérfróðra manna á því, hverjar gerðir fiskeldisstöðva, er rekrar yrðu sem aukabúgrein, hentuðu bezt íslenskum bændum, og jafnframt að láta gera athuganir á kostnaði við byggingar og rekstur slíkra eldisstöðva. Þá verði og rannsakað, hver opinber stuðningur sé nauðsynlegur, til þess að þessi búgrein geti eflzt með æskilegum hætti.

Niðurstöður framangreindra athuguna verði kynntar bændum rækilega, í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

Greinargerð.

Víða um heim er fiskrækt í ýmsum myndum rekin sem mikilvæg atvinnugrein, og fer útbreiðsla hennar og arðsemi hraðvaxandi á síðari tímum með aukinni vísindalegri þekkingu og þeim möguleikum, sem hún skapar m. a. á sviði kynbóta og rekstrartækni fiskræktarstöðva.

Flest bendir til þess, að Ísland hafi á margvíslegan hátt yfirburði umfram önnur lönd sem fiskræktarland. Hér er óhemjumikið, gott og enn sem komið er

ómengað vatnasvæði, sem víða skortir, bæði vegna náttúruæðlis og nú orðið einnig víða vegna eitrunar og mengunar af völdum nútíma verksmiðjurekstrar og annarra náttúruspjalla. Hér er kaldtempraður sjór, en þó víða gróður- og lífmikill í lónum, fjörðum og flóum allt umhverfis landið, sem býður margs konar góðfiski hin ágætustu lífsskilyrði og þá ekki sízt hinum hraustu og ljúffengu laxfiskastofnum, sem hér hafa lifað frá ómunatíð. Hættulegar hitabreytingar á vatni og sjó þarf hér ekki að óttast, og kuldi vatnsins, sem að visu gerir þroska nokkru hægari, virðist hin bezta vörn gegn hvers kyns sjúkdómum, sem valda miklum skaða á fiskstofnum í hlýrra umhverfi.

Þeir möguleikar, sem hér eru fyrir hendi, eru síður en svo bundnir við nýtingu hinna stærri fljóta okkar til sportveiði, sem fram til þessa hafa verið helztu nytjarnar. Með rikulegu klaki lax og silungstegunda, sem sleppt yrði í árnar, skapast aðstaða til stórframleiðslu hinna verðmætustu matvælategunda. Fiskrækt í vötnum, lónum og tjörnum og fiskeldi í tilbúnum tjörnum geta einnig orðið stórar framleiðslugreinar. Margir, ef ekki flestir góðir bæjarlækir bjóða upp á möguleika til arðsamrar fiskræktar, t. d. bleikju, sjóbirtings og vatnaurriða. Þar sem slíkir lækir renna út í sjávarlón, er sérstæð aðstaða til þess að loka lónunum og opna eftir þörfum til endurnýjunar sjónum, sem býr yfir lífrænu fóðri, sem unnt er að auka með ræktun og láta fiskinn alast þar upp við góð skilyrði og með litlum tilkostnaði. Einnig er víða sú aðstaða, að með stórvirkum vinnuvélum má breyta rennsli lækja og smærri vatnsfalla, svo að stórar tjarnir eða smærri vötn myndist í lögðum og verði uppeldisskjól fyrir ungvíði, sem þar gæti dafnað jafnvel með lítilfjörlegri hjálp í formi fóðrunar eða örvunar með ræktun.

Þar sem náttúrulegt fóður hrykki ekki til, svo sem ef um eldispolla væri að ræða, kæmi að sjálfsögðu til fóðuröflun, en hún er víða auðveld, svo sem í grennd við fisk- og kjötvinnslustöðvar. Notkun þurrfóðurs hefur á síðari tímum rutt sér mjög til rúms og hefur mjög auðveldað fiskræktina, en við Íslendingar höfum gnægðir hráefnis í slíkt þurrfóður, og er þess væntanlega ekki langt að bíða, að framleiðsla þess hefjist hérlendis, bæði til útflutnings og innanlandsnotkunar.

Þrátt fyrir þá miklu möguleika, sem allir kunnáttumenn, sem um hafa fjallað, sjá í fiskræktarmálum hér á landi, er fiskrækt hér enn á algeru byrjunarskeiði, ef frá er skilinn rekstur klakstöðva til eflingar sportveiði, sem þó er lítt fallin til þjóðhagslegs hagnaðar. Veldur þar vafalaust mestu um, að þekking á þessari atvinnugrein er og hefur verið af skornum skammti og naumast um að ræða nokkra sérmenntaða menn í þeim fræðum, sem eru undirstaða hennar. Vitneskja um stofn- og rekstrarkostnað eldisstöðva hefur ekki legið á lausu, og fræðsla um klak, hirðingu og eldi hefur ekki verið tiltæk, en allt eru þetta grundvallarskilyrði til þess, að atvinnugreinin geti skapast og dafnað og dýrmæt reynsla fengizt.

Margt bendir til þess, að í landi, þar sem ekki verður að marki byggt á innlendri reynslu í fiskrækt, sé affarasælast að hefjast handa í fremur smáum stíl, fremur en að efna til stórfyrirtækja þegar í upphafi. Líklegt má og telja, að smáfyrirtæki, sem byggju við góð skilyrði, gætu verið allt eins hagkvæm í rekstri og hin stærri og dýrari. Ekki á þetta sízt við í sveitum landsins, þar sem jafnvel mætti nýta vinnuafli unglinga og barna við hin geðfelldu störf, sem sinna þarf í sambandi við fiskræktina, og notfæra ýmsa aðstöðu, sem ella væri gagnslaus með öllu.

Offramleiðsla búvöru er nú af ýmsum talin mikill þjóðhagslegur háski, og víst er um það, að aukin arðbær verkefni til handa því fólki, sem halda vill tryggð við sveitir landsins, eru nauðsyn til viðhalds og eflingar byggðum og búum. Því ber að huga vel að öllum möguleikum, sem opnast til þess, að jafnt ungir sem gamlir geti unað í sveitunum við sambærileg lífskjör og atvinnugreinarnar í fjölbýlinu bjóða. Fiskræktin við hin miklu og góðu vatnasvæði landsins er einn þessara möguleika og trúlega ekki hinn sízti, ef rétt er á haldið og hið opinbera réttir áhuganum, sem nú er að vakna í þessum málum, höndina og hjálpar honum með skynsamlegri forsjá til þess að komast yfir fyrsta hjallann.